



Forsætisráðherra  
Katrín Jakobsdóttir  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Reykjavík 15. maí 2020

### Efni: Hækkun fjárframlags til Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna

Einn þeirra sjóða sem ætlaðir eru fræðimönnum og eru undir yfirumsjón Rannís er Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna (SSSF), en eins og nafn hans bendir til er hann einkum ætlaður þeim fræðimönnum sem starfa á eigin vegum að rannsóknum og ritun fræðiritra. Oft eru þetta ungir fræðimenn, gjarnan nýdoktorar, sem ekki eiga í mörg hús að venda til að útvega fjármagn til að standa undir rannsóknar- og/eða ritunarkostnaði. SSSF hefur verið sá bakhjarl sem hefur átt hvað drýgstan þátt í því að tekist hefur að raungera fjölmörg slík merkileg og gagnleg verkefni, sem mörg hver hafa síðan hlotið viðurkenningar og verðlaun.

Ásamt fulltrúa skipuðum af menntamálaráðherra sitja í stjórn SSSF fulltrúar frá Hagbenki, félagi höfunda fræðiritra og kennslugagna og Reykjavík Akadémíunni, samfélagi sjálfstætt starfandi fræðimanna. Það var að undirlagi þessara tveggja aðila að þessum starfslaunasjóði var upphaflega komið undir umsjón Rannís.

Þótt tilkoma sjóðsins hafi vissulega bætt hag sjálfstætt starfandi fræðimanna þá hafa umsóknir í sjóðinn alltaf verið langtum fleiri en hægt hefur verið að styrkja. Þess skal og getið að fjárveiting til sjóðsins hefur staðið í stað um nokkuð langa hríð þrátt fyrir sífellt fleiri umsóknir á hverju ári. Má í því sambandi minna á bréf formanns stjórnar SSSF til mennta- og menningarmálaráðherra frá 28. nóv. 2018 þar sem hann vekur athygli á mikilvægi sjóðsins fyrir viðgang íslenskrar tungu með útgáfu fræðiritra á íslensku (sjá meðf. afrit).

Í því ástandi sem nú ríkir eru sjálfstætt starfandi fræðimenn í enn viðkvæmari stöðu en undir venjulegum kringumstæðum, m.a. vegna þess að núverandi ástand veldur því að ýmiss konar aukaverkefni sem margir hafa getað nýtt til að framfleyta sér bæði smækka og fækkar.

Í ljósi þess að verið er að hækka framlög í ýmsa sjóði til að styrkja mennta- og menningarlíf þjóðarinnar á viðsjárverðum tímum telur stjórn Reykjavík Akadémíunnar mikilvægt að Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna verði eflur hlutfallslega til jafns við Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð Vísinda- og tækniráðs og/eða Launasjóð íslenskra listamanna. Stjórn Reykjavík Akadémíunnar fer þess vinsamlegast á leit, að ráðherra leggi til hækkun fjárveitingar í Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Reykjavík Akadémíunnar ses

Ingunn Ásdísardóttir formaður RA ses  
ingunn@akademia.is

Samhljóða: Bjarni Benediktsson fjármál- og efnahagsráðherra og Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningamálaráðherra

Lilja Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

**Efni: Endurskoðun á framlagi úr ríkissjóði til Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna**

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna styrkir eingöngu ritun fræðarita á íslensku, einn opinberra sjóða á Íslandi. Árið 2018 bárust 58 umsóknir í sjóðinn. Sótt var um 480 mannmánuði alls eða um 180 milljón krónur í launakostnað. Úthlutað var 120 mannmánuðum, tæplega 46 milljónum, í styrki til 21 umsækjanda eða tæplega 25% umbeðinnar upphæðar. Við úthlutun ársins þurfti sem fyrr að hafna mörgum vel styrkhæfum verkefnum og þeir umsækjendur sem hlutu styrk fengu flestir aðeins hluta þeirrar fjárhæðar sem sótt var um.


Stjórn sjóðsins metur umsóknir eftir gæðum þeirra og efnistöfum. Tekið er tillit til líklegrar birtingar niðurstaðna til gagns fyrir almenning og fræðasamfélag. Fjöldi merkra ritverka hefur birst með stuðningi sjóðsins og forvera hans og hafa nokkur þeirra verið tilnefnd og sum þeirra hlotið íslensku bókmenntaverðlaunin og viðurkenningar Hagþenkis

Núverandi stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna hefur úthlutað þrisvar úr sjóðnum. Í ljósi þeirrar reynslu er það eindregin skoðun stjórnarinnar að sjóðurinn næði enn betur takmarki sínu með hóflegri hækkun fjárveitinga. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár verður framlag úr ríkissjóði 48 milljónir. Með frekari styrkingu sjóðsins væri hægt að tryggja fleiri mjög verðugum sjálfstætt starfandi fræðimönnum starfslaun til að stunda fræði sín í samræmi við hlutverk hans. Hafa þeir sjaldnast aðra möguleika til að fjármagna skrif fræðirit á íslensku. Auk þess má benda á að samkvæmt reglum sjóðsins er vinna við fræðirit á erlendum tungumálum ekki styrkhæf.

Stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna leggur til við menntamálaráðherra að gefa sjóðnum viðeigandi gaum í samræmi við viljayfirlýsingu um vitundarvakningu um mikilvægi íslensks máls sem meðal annarra var undirrituð af forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra. Fræðirit sjálfstætt starfandi fræðimanna sem höfða til íslensks almennings gegna þar mikilvægu hlutverki.

Reykjavík 28. nóvember 2018

F.h. stjórnar Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna



Hafliði Pétur Gíslason, formaður

Afrit send til Hagþenkis og ReykavíkurAkademíu